


# Minnismerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi

Guðmundur Ólafsson



1

# Minnismerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi

Guðmundur Ólafsson



Forsíðumynd: Uppdráttur af minjum sem í ljós komu þegar grafið var fyrir minnismerki.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson  
Öll réttindi áskilin  
ISSN 1560 8050  
Umbrot/prentun: Gutenberg - Hraðlestin

# Efnisyfirlit

## Contents

Aðdragandi .....	5
Vettvangskönnun .....	5
Niðurstöður .....	8
Varnaðarorð .....	8
Frágangur .....	8
Heimildir .....	8



# Minnismerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi

Guðmundur Ólafsson

## Aðdragandi

Í júlíbyrjun árið 2000 hafði Guðmundur Ásgeirsson, Rótaryklúbbi Seltjarnarness, samband við Harald Helgason, arkitekt á Þjóðminjasafni Íslands. Óskaði hann eftir samþykki Þjóðminjasafns til þess að setja niður minnismerki um kirkju í Nesi á Seltjarnarnesi, í kirkjugarðinum nálægt þeim stað sem kirkja stóð til ársins 1799, skammt vestan við lóðarmörk Nestraðar 7. Fram kom að um væri að ræða steinstöpul með hallandi fleti sem áletrun væri grafin á og að fyrirhugað væri að setja slíka minnisvarða á sjö fornum kirkjustöðum á Reykjavíkursvæðinu. Haraldur ráðfærði sig við fornleifafræðinga safnsins og fékk m.a. upplýsingar um að þarna hefði verið grafinn rannsóknarskurður árið 1995 þegar reynt var að finna hvar kirkjan hefði staðið. Talið var í lagi að koma steininum fyrir í rannsóknarskurðinum. Þann 4. júlí skoðaði Haraldur staðinn ásamt Guðmundi Ásgeirssyni til að finna steininum stað. Sást móta fyrir skurðinum á yfirborði og var hann um 1 m breiður. Málið var talið heyra undir fornleifadeild og í bréfi frá deildinni til Guðmundar Ásgeirssonar, dagsettu 5. júlí, var fallist á fyrirhugaða framkvæmd, enda sé minnismerkinu komið fyrir þar sem fornleifauppgröftur hefur farið fram og því ekki talin nein hættu á því að raskað verði fornleifum á svæðinu.

Þegar til framkvæmda kom var talið nauðsynlegt að leggja stétt umhverfis minnismerkið og göngustíg frá götunni að því. Grafinn var grunnur fyrir minnismerkinu og stéttinni í kirkjugarðinum án þess að Þjóðminjasafni væri til-


kynnt um breyttar forsendur eða fornleifafræðingur væri látinn fylgjast með verkinu.

Grunnurinn sem grafinn var er 5,65 x 5,65 m í þvermál og 60 cm djúpur, langtum stærri en sá skurður sem heimild var veitt fyrir. Skurðurinn sem grafa átti minnismerkið í er reyndar í suðurhluta gryfjunnar og er merktur á teikningu sem ND. Þjóðminjasafni var tilkynnt um hvað gerst hefði eftir að grunnurinn var fullgrafinn. Guðmundi Ásgeirssyni var tjáð að þarna hefði verið farið út fyrir það sem heimild var fyrir og að gera yrði fornleifakönnun á staðnum á kostnað framkvæmdaaðila.


## Vettvangskönnun

Í framhaldi af þessu fór Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifadeildar, á vettvang þann 24. júlí 2000. Í botni grunnsins sáust greinilegar hleðsluleifar úr torfi og grjóti og stórar steinhellur. Grunnurinn og hleðslurnar sem komið höfðu í ljós voru mæld upp og nokkrar ljósmyndir teknar. Grunnurinn er 2,85 m vestan við grjótgarð sem er við lóðarmörk Nesstofu, og 7,8 m sunnan við götumörk Nestraðar.

Í norðvesturhluta grunnsins er um 3 m löng steinhleðsla sem liggur frá austri til vesturs. Við enda hennar er um 70 cm breitt bil án steina en síðan heldur grjóthleðsla áfram til austurs og til norðurs. Steinarnir í hleðslunni eru á um 50 cm dýpi og þeir eru að jafnaði um 30 - 50 cm stórir. Á einum stað er steinaröðin tvöföld á hæð, sem bendir til að hleðslan hafi e.t.v. verið hærri, en að efsti hluti hennar hafi verið fjarlægður. Ekki var hægt að átta sig á því hvort einhverjir steinar hefðu horfið úr gryfjunni vegna þess að öllum



Yfirlitskort af svæðinu. Rannsóknarskurður ND frá 1995 er skástrikaður. Skyggðu fletirnir sýna hvar grunnur minnismerkis og göngustígur eru.



Flatarteikning af svæðinu sem grafið var fyrir minnismerkinu. Einn metri er á milli krossa.



jarðvegi hafði verið mokað á bíl og ekið burt. Leifar af veggjatorfi sáust í tengslum við steinarröðina.

Nyrst fyrir miðju í gryfjunni eru tvær hellur sem hvor um sig er um 1 m í þvermál.

Ljóst er að hleðslan og hellurnar eru hluti af stærra mannvirki. Með hliðsjón af því að rústin er í miðjum kirkjugarði eru nokkuð sterkar líkur á því að um sé að ræða leifar af einni kirkjunni sem þarna hefur staðið.

Skurðurinn ND er í suðurhluta gryfjunnar. Í honum og við hann voru nokkrir steinar sem hægt var að bera kennsl á af teikningum frá fyrri rannsókn. Einnig mátti sjá að í suðvesturhorni skurðarins frá 1995 hafði t.d. verið steinahrúga sem nú var horfin.

Frá miðri norðurhlið grunnsins var grafinn 15 - 20 cm djúp og 170 cm breið rás fyrir stíg út að götunni. Hún stefnir beint á inngang Lyfjafræðisafnsins.

### Niðurstöður

Hleðslur og hellur í norðurhluta grunnsins benda ótvírætt til þess að grafið hafi verið ofan af hluta mannvirkis sem þarna hefur staðið. Af sýnilegum minjum er ekki hægt að ráða hvers konar mannvirki þetta hefur verið. Steinhleðslurnar og torfið benda til þess að um veggjahleðslur sé að ræða. Hellurnar geta verið hluti af gólfi, inngangi eða hellulögn fyrir utan byggingu. Vegna staðsetningar innan kirkjugarðs getur vel verið að þarna séu leifar einnar kirkjunnar sem stóð í Nesi fyrir á öldum.

Grunnurinn fyrir minnismerkinu var grafinn án rannsóknar. Þess vegna var ekki hægt að átta sig nægilega vel á samhengi minjanna við umhverfi sitt og er því ekki hægt að fullyrða neitt um aldur þeirra.

### Varnaðarorð

Því miður virðist reyndin vera sú að góður ásetningur um að minnast fornra kirkjubygginga á staðnum hefur sennilega orðið til þess að

skemma viðkomandi kirkju og spilla fyrir frekari fornleifarannsóknum. Þetta dæmi hlýtur því að verða minjavörslunni víti til varnaðar um að leyfa ekki að fleiri minnisvarðar verið reistir ofan á minjastaði. Ef reisa þarf slíka minnisvarða hlýtur það að vera ófrávikjanleg krafa minjavörslunnar að þá verði að setja niður utan við allar fornminjar á viðkomandi svæði. Það segir sig sjálft að slíkir minnisvarðar eiga ekki að hafa meira vægi en sjálfar minjarnar.

Í ofangreindu tilviki var talið að skýr fyrir-mæli hefðu verið gefin um hvar og hvernig mætti grafa fyrir minnismerkinu. Í ljós kom að það var ekki nægileg vörn. Fyrirmælum var ekki fylgt og afleiðing þess var sú að hugsanlega hafa minjarnar, sem ætlunin var að vekja athygli á, orðið fyrir skemmdum. Það verður að líta alvarlegum augum á skemmdir sem unnar eru á fornleifum af gáleysi. M.a. hlýtur Þjóðminjasafn framvegis að verða að krefjast þess að fornleifafræðingur sé viðstaddur þegar gera þarf jarðrask á minjastöðum.

### Frágangur

Að rannsókn lokinni var framkvæmdaaðila veitt heimild til þess að setja minnismerkið niður í skurð ND en ekki væri heimilt að fara með það út fyrir skurðinn. Einnig voru fyrirmæli um að leggja jarðvegsdúk yfir svæðið norðan við skurðinn og fylla gryfjuna með mold og sandi undir stéttina.

### Heimildir

Haraldur Helgason, 2000. *Minnismerki Rótarýfélaga um horfnar kirkjur á Stór-Reykjavíkursvæðinu*. Minnispunktur í skjalasafni Þjóðminjasafns.

Sigurður Bergsteinsson, 2000. *Bréf dagsett 5. júlí 2000*. Skjalasafn Þjóðminjasafns.

Línuhönnun, 1994. *Kirkjan í Nesi við Seltjörn. Jarðsjármælingar austan Nesstofu og yfir hringa í túni*. Fjölrit. Maí 1994.

Orri Vésteinsson, 1995. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn I*. Skýrsla um uppgröft 1995.

# Rannsóknaskýrslur 2000

1 Minnimerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi.  
Guðmundur Ólafsson.



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS